





ársskýrsla 2014



SÍMENNTUNARMIDSTÖÐIN
á Vesturlandi



Efnisyfirlit

Ávarp formanns	4
Stjórn Símenntunarmiðstöðvarinnar	5
Starfsfólk	6
Starfsstöðvar	7
EQM gæðakerfið	7
Starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar í tölum	8
Rekstur	
Tölfræðiupplýsingar úr starfi Símenntunarmiðstöðvarinnar	
Formlegir samstarfsaðilar	15
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	
Fræðslusjóður	
Stóriðjuskólinn	
Menntastöðir	
Þróunarsjóður	
Náms- og starfsráðgjöf	19
Náms- og starfsráðgjöf – tölfræði	
Samstarf Símenntunarmiðstöðvarinnar og Fjölmenntar	24
Samstarfsverkefni	26
Innlend	
Erlend	
Tilraunaverkefni og hækkað menntunarstig á NV.	27
Stóriðjuskólinn	34
Erlend verkefni	36
Fjarnám	38
Úr ýmsum áttum	42
Starfsendurhæfing Vesturlands	
Fyrirmynd fullorðinna	
Úttekt á framhaldsfræðslukerfinu 2009-2013	
Úttekt á íslenskukennslu fyrir útlendinga	
Fullorðinsfræðsla á Íslandi	45
Fullorðinsfræðsla erlendis	46
Lokaorð	47

Ávarp formanns stjórnar

„Hver vegur að heiman er vegur heim.“ Á þessum eftirminnilegu orðum hefst ljóðið Ferð eftir Snorra Hjartarson.

Það er hverjum manni eðlislægt að nema nýjar lendur, eflast dag frá degi, læra eitthvað nýtt, upplifa eitthvað nýtt, verða betri í dag en í gær. Lífið sjálft er vissulega ferðalag en við förum engu að síður í mismunandi ferðalög með mismunandi tilgangi.



Í fyrsta lagi eru það þessi líkamlegu ferðalög, þar sem við förum eftir ákveðnum afmörkuðum vegi sem liggur að heiman. Við leggjum veginn að baki, upplifum nýja hluti þegar við náum á áfangastað og höldum svo aftur eftir veginum heim; markmiðið er því í raun að ná á áfangastað og aftur heim.


Í öðru lagi getur ferðin sjálf verið markmiðið, en ekki það að fara á einhvern ákveðinn stað og enda svo aftur heima, því það hvert ferðinni er heitið leiðir viðkomandi að uppskerunni. Ferðalagið getur verið í þessu tilfelli námsbraut eða námskeið, þar sem við förum af stað í ferðalag til að efla okkur sjálf á einn eða annan máta. Tilgangurinn er því ekki að fara sama veg aftur heim, heldur að halda áfram að nema og öðlast nýja þekkingu; efla eigin færni. Það er þessi kraftur, að öðlast nýja færni, sem drífur okkur mannfólkið áfram dag frá degi, þrátt fyrir að oft og tíðum geti blásið hressilega á móti.

Það er við hæfi að ljúka þessum pistli eins og við hófum hann með tilvitnun í ljóðskáldið Snorra Hjartarson og um leið að hafa það í huga að hver vegur á ávallt að vera opinn og greiður þegar kemur að menntunarúrræðum landans.

*Og tónaseiður
og svanaflug
úr suðri logana
glæddu;
í heiðri vordýrð
skein veröld mín,
hver vegur opinn
og greiður.*

Guðrún Lárusdóttir

formaður stjórnar Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi og endurmenntunarstjóri Landbúnaðarháskóla Íslands.



Stjórn Símenntunarmiðstöðvarinnar

Samkvæmt skipulagsskrá skal skipa 6 aðalmenn í stjórn og 6 til vara. Stjórnina skipa eftirfarandi aðilar starfsárið 2014-2015:

Stofnun/samtök	Aðalfulltrúi	Varafulltrúi
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Atli Harðarson	Jens B. Baldursson
Fyrirtæki/stofnanir	Guðjón Brjánsson	Róbert Jörgensen
Háskólinn á Bifröst	Guðrún Björg Aðalsteinsd.	Magnús Smári Snorrason
Landbúnaðarháskóli Íslands	Guðrún Lárusdóttir	Guðríður Helgadóttir
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi	Jón Eggert Bragason	Hrefna B. Jónsdóttir
Stéttarfélögin	Signý Jóhannesdóttir	Inga Birna Tryggvadóttir

Formaður stjórnar er Guðrún Lárusdóttir fulltrúi Landbúnaðarháskóla Íslands.

Á árinu 2014 voru haldnir þrír stjórnarfundir. Aðalfundurinn var haldinn sameiginlega með stofnunum í stoðkerfinu á Vesturlandi. Það fyrirkomulag gafst vel og verður sami háttur hafður á árið 2015.

Starfsfólk

Þann 31. desember 2014 voru sex einstaklingar á launaskrá í 5,4 stöðugildum, en þeir eru:

Inga Dóra Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, 100% starfshlutfall
Guðrún Vala Elísdóttir náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri, 100 % starfshlutfall
Hekla Gunnarsdóttir verkefnastjóri, 100% starfshlutfall
Helga Björk Bjarnadóttir þroskaþjálfari og verkefnastjóri, 100% starfshlutfall.
Helga Lind Hjartardóttir náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri, 50% starfshlutfall.
Svava Björg Svavarsdóttir skrifstofustjóri, 85% starfshlutfall.



Í tengslum við verkefnið um hækkun menntunarstigs í Norðvesturkjördæmi, Menntun núna! voru tveir starfsmenn ráðnir, þ.e. Helga Björk Bjarnadóttir, þroskaþjálfari og verkefnastjóri var ráðin í 100% starfshlutfall í febrúar sem launþegi og Hörður Baldvinsson var ráðinn sem verktaki í hálf stöðugildi. Hörður hóf störf í byrjun mars.

Þann 1. apríl 2014 hóf Helga Lind Hjartardóttir störf hjá Símenntunarmiðstöðinni og er skrifstofan hennar á starfsstöð Símenntunarmiðstöðvarinnar í Átthagastofu Snæfellsbæjar í Ólafsvík. Helga Lind tók við starfi Kristínar Bjargar Árnadóttur.

Kristínu Björgu eru þökkuð vel unnin störf í þágu Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi.

Helga Lind er í hálfu starfi hjá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi og er í hlutastarfi hjá Fjölbautaskóla Snæfellinga.

Hörður Baldvinsson er í hálfu starfi hjá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi og er í hlutastarfi hjá Fjölbautaskóla Vesturlands.

Auk þess starfa að meðaltali um 100 verktakar við kennslu og önnur verkefni á ári hverju hjá stofnuninni.

Starfsstöðvar

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi rekur þrjár starfsstöðvar; á Akranesi, í Borgarnesi og í Ólafsvík.

Húsnæði	Staður	Heimilisfang	Leigusali
Skrifstofur og kennslustofur	Borgarnes	Bjarnarbraut 8	Fasteignir ríkisins
Skrifstofur og kennslustofur	Akranes	Suðurgata 57	Akraneskaupstaður
Skrifstofa og kennslustofa	Ólafsvík	Kirkjutún 2	Áttthagastofa Snæfellsbæjar

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út starfsleyfi fyrir allar starfsstöðvarnar.

EQM gæðakerfið

Starfsfólk Símenntunarmiðstöðvarinnar vinnur í takt við EQM gæðakerfið og hefur gert síðan það var tekið upp innan stofnunarinnar árið 2012. Miðstöðin hefur staðist með ágætum reglulegar úttektir frá BSI á Íslandi þar að lútandi. Ánægja er meðal starfsmanna með kerfið og hefur það m.a. auðveldað nýjum starfsmönnum að komast inn í starfið. Með tilkomu þessa gæðakerfis og reglulegu eftirliti með því, eru starfsmenn Símenntunarmiðstöðvarinnar sífellt með gæðahugsunina á bak við eyrað og ávallt er verið að bæta og breyta starfs-háttum með gæðamálin að leiðarljósi.

Það er BSI á Íslandi ehf. sem tekur út starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar.





GÆÐAVOTTUN
FRÆÐSLUAÐILA


Upplýsingar um EQM: <http://frae.is/gaedavottun/>

EQM á Facebook: <https://www.facebook.com/EuropeanQualityMark>

Starfsemi Símenntunar- miðstöðvarinnar í tölum

Rekstur






Tölfræðiupplýsingar


úr starfi Símenntunarmiðstöðvarinnar 2014

Árið 2014 voru 1.291 þátttakandi á námskeiðum og í lengra námi hjá Símenntunarmiðstöðinni, sem er talsverð aukning frá því árinu á undan. Kynjaskipting þátttakenda var þannig að konur voru 894 eða rúmlega 69% og karlar 397 eða 31%. Haldin voru námskeið fyrir 100 hópa, fjöldi kennslustunda var 2.796 og nemendastundir voru 47.169. Nemendastundir samanstanda af fjölda nemenda margfaldað með kennslustundafjölda á hverju námskeiði fyrir sig.


Meðalaldur þátttakenda árið 2014 var 43,5 ár.





Heildarfjöldi nemendastunda 2007-2014




Heildarfjöldi kennslustunda 2007-2014







Fjöldi kennslustunda eftir svæðum 2010-2014



Fjöldi nemendastunda eftir svæðum 2010-2014



Skipting nemendastunda eftir flokkum 2014



Myndir úr starfinu



Formlegir samstarfsaðilar

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Árið 2011 gerði mennta- og menningarmálaráðuneytið samning við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi um ráðstöfun rekstrarframlags í fjárlögum og er þessi samningur byggður á umræddum framhaldsfræðslulögum. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2011 til 31. desember 2014.

Í samningnum segir m.a.:

Meginmarkmið með samningi þessum eru að Símenntunarmiðstöðin mun;

- Vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Vesturlandi; greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða upp á ráðgjöf, raunfærimat og námskeið fyrir markhópa. Þjónusta á sviði framhaldsfræðslu skal veitt og þróuð í samstarfi; meðal annars við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila,
- Vera með fjarnáms- og kennsluaðstöðu vegna framhaldsfræðslu og þjónustu við nemendur á framhalds- og háskólastigi á þéttbýlisstöðum á Vesturlandi eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir.

Símenntunarmiðstöðin fær rekstrarframlag á fjárlögum og er upphæðin háð ákvörðun Alþingis hverju sinni.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

– Fræðslusjóður og Þróunarsjóður

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er einkahlutafélag í eigu Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, BSRB, fjármála- og efnahagsráðneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fræðslumiðstöðin er með þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið annars vegar og þjónustusamning við símenntunarmiðstöðvarnar hins vegar.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins annast umsýslu með Fræðslusjóði og fjárreiðum hans, sbr. 10 gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Fara skal með fjármál sjóðsins í samræmi við lög nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins og reglugerðir sem settar eru á grundvelli þeirra laga.

Fræðslusjóður

Fræðslusjóður var settur á laggirnar við setningu framhaldsfræðslulaga, en hlutverk hans er m.a. að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki, sem og að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri.

Fræðslusjóður ráðstafar þeim framlögum sem Alþingi ákveður í fjárlögum hverju sinni. Úthlutanir Fræðslusjóðs greinast í meginatriðum í þrennt samkvæmt úthlutunarreglum sem ráðherra staðfestir:

- framlög til fræðsluadila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald,
- framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf,
- styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.

Símenntunarmiðstöðin sótti um fjármagn til sjóðsins í ýmsar námsleiðir samkvæmt námskrám FA, í náms- og starfsráðgjöf og í raunfærnimat.

Úthlutun Fræðslusjóðs til Símenntunarmiðstöðvarinnar 2014 skiptist svona:

- > Vottaðar námsleiðir: 20.408.000 kr.
- Náms- og starfsráðgjöf: 8.226.000 kr.
- Samtals: 28.634.000 kr.**

Yfirlit yfir námsleiðir FA árið 2014:

	Vorönn 2014	Fjöldi	Fj. kest.	Fj. nem.st	Fj.kvenna	Fj.karla	Meðalaldur
Akranes	Grunnnámskeið í fiskvinnslu	17	60	1.020	15	2	30
Akranes	Grunnnámskeið í fiskvinnslu	18	60	1.080	13	5	46
Akranes	Stóriðjuskólinn - grunnnám	16	150	2.400	3	13	41
Akranes	Stóriðjuskólinn - framhaldsnám	18	193	3.474	1	17	44
Dreifnám	Menntastoðir - staðlotur á Akranesi	16	330	5.280	13	5	28
Dreifnám	Menntastoðir - staðlotur í Borgarnesi	14	440	6.160	10	4	35
	Samtals	99	1.233	19.414	55	46	37

	Haustönn 2014	Fjöldi	Fj. kest.	Fj. nem.st	Fj.kvenna	Fj.karla	Meðalaldur
Akranes	Stóriðjuskólinn - grunnnám	16	150	2.400	3	13	41
Akranes	Stóriðjuskólinn - framhaldsnám	18	193	3.474	1	17	44
Dreifnám	Menntastoðir - staðlotur á Akranesi	6	330	1.980	6	0	34
Dreifnám	Menntastoðir - staðlotur í Borgarnesi	10	330	3.300	8	2	36
	Samtals	50	1.003	11.154	18	32	39

Starfsfólk Símenntunarmiðstöðvarinnar finnur fyrir auknum áhuga fólks á námstækifærum eins og Menntastöðum. Margir sem hættu námi í framhaldsskóla og eru núna á vinnumarkaði langar að taka upp þráðinn aftur. Margir leita til náms- og starfsráðgjafa til að fá aðstoð og hvatningu og þurfa þann stuðning í gegnum allt námið.

Stóriðjuskólinn

Á vegum Símenntunarmiðstöðvarinnar er rekinn Stóriðjuskóli í Norðuráli, en þetta nám hóf göngu sína í byrjun árs 2012. Nú hafa 47 einstaklingar útskrifast úr grunnnáminu og 18 úr framhaldsnáminu.

Mikla þýðingu hefur að bjóða upp á nám innan fyrirtækjanna. Með Stóriðjuskólanum er byggð brú á milli fyrirtækisins og hins formlega og óformlega skólakerfis. Mikilvægt er að kennararnir í formlega skólakerfinu komi inn í fyrirtækið, fái innsýn inn í starfsemi fyrirtækisins, skapi traust gagnvart nemendum og starfsfólki þess og búi til ákveðinn hvata til áframhaldandi náms. Ennfremur fá allir nemendur Stóriðjuskólans viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa.

Mörg dæmi eru þess efnis að fólk hefur fengið hvatningu í gegnum Stóriðjuskólann til að halda áfram námi og hafa þó nokkrir skráð sig í iðnnám við Fjölbautaskóla Vesturlands. Ennfremur eru dæmi um að nemendur fari í bóklegt nám eða hugi jafnvel á háskólanámi, sjá nánari umfjöllun í kaflanum hér aftar í skýrslunni um Menntun núna!

Menntastöðir

Menntastöðir er 660 kennslustunda nám ætlað þeim sem hafa ekki lokið stúdentsprófi en stefna á nám við frumgreinadeild háskóla og háskólanám.



Árið 2014 voru 3 hópar í Menntastöðum hjá Símenntunarmiðstöðinni. Vorið 2014 útskrifaðist fyrsti hópurinn, annar hópurinn útskrifaðist í desember og vorið 2015 útskrifaðist þriðji hópurinn.

Menntastöðir eru kenndar í dreifnámi, en námið fer fram í staðlotum og í gegnum kennsluvefinn Moodle. Staðloturnar hafa ýmist verið á Akranesi eða í Borgarnesi.



Þróunarsjóður

Hlutverk Þróunarsjóðs framhaldsfræðslu er að veita styrki til skilgreindra nýsköpunar- og þróunarverkefna á sviði framhaldsfræðslu. Sjóðurinn starfar undir stjórn Fræðslusjóðs sem ákveður fjárhæð til úthlutunar á hverju ári.

Símenntunarmiðstöðin sótti um styrki í fimm verkefni og fékk úthlutað styrkjum í tvö þeirra.

Hér er yfirlit yfir verkefnin:

HEITI VERKEFNIS:

Listnámsbraut fyrir fólk með fötlun

MARKMIÐ VERKEFNIS:

- Að undirbúa og kenna heildstætt listnám ætlað fötluðu fólki 18 ára og eldra.
- Að bjóða upp á nýtt nám fyrir fatlað fólk sem stuðlar að virkni einstaklingsins og styrk hans til áframhaldandi náms og að auka tækifæri fatlaðs fólks til að öðlast nýja reynslu í gegnum listnám.

Listnámsbraut er nýtt samfellt nám sem ekki hefur verið í boði áður fyrir þennan markhóp, þ.e. fullorðið fólk með fjölþættar fatlanir. Í kennsluháttum verða nýttar allar þær nýjungar í kennsluháttum sem gagnast geta markhópnum á námsbrautinni t.d. myndbandsupptökur og ýmis hjálpartæki í formi mynda og tækjabúnaðar s.s. skjávarpa.

Samstarfsaðilar Símenntunarmiðstöðvarinnar í þessu verkefni eru Fræðslunet Suðurlands og Fjölmennt – símenntunar- og þekkingarmiðstöð.

Símenntunarmiðstöðin fékk styrk úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu árið 2013 til að vinna námskrá fyrir Listnámsbraut. Fræðslunet Suðurlands var samstarfsaðili Símenntunarmiðstöðvarinnar að því verkefni og er námskráin tilbúin.

➤ Sótt var um kr. 5.995.000 og fékkst styrkur að upphæð kr. 2.600.000

HEITI VERKEFNIS:

Endurgerð námskrár fyrir nám í stóriðju

MARKMIÐ VERKEFNIS:

- Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi rekur stóriðjuskóla í Norðuráli og að sama skapi rekur Austurbrú stóriðjuskóla í Alcoa og er stóriðjuskólinn kenndur eftir gildandi námskrá um stóriðjuskóla sem gefin er út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Það er ýmislegt í námskránni sem þarf að endurskoða og uppfæra í takt við þarfir stóriðjunnar og þeirra tækniframfara sem hafa átt sér stað á undanförnum árum. Innan framhaldsfræðslunnar er stöðugt horft til þess að mæta námsþörfum og getu nemenda til náms og reynt eftir fremsta megni að nýta hentugustu kennsluaðferðirnar hverju sinni, bæði á bóklegu og verklegu sviði.
- Samstarfsaðilar í þessu verkefni eru Austurbrú, Alcoa og Norðurál.
- Þessi vinna fer fram í nánu samstarfi við starfsfólk Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

➤ Sótt var um kr. 1.670.000 og fékkst styrkur að upphæð 1.536.000 kr.


HEITI VERKEFNIS:

Fjarnám í íslensku fyrir innflytjendur

MARKMIÐ VERKEFNIS:

- Með íslenskukennslu í fjarnámi gefst erlendu fólki, sem stundar vinnu hérlandis, kostur á að læra íslensku utan vinnutíma og þegar því hentar. Með því að bjóða uppá fjarnám í íslensku er verið að koma til móts við erlenda íbúa sem vegna búsetu eða atvinnu eiga ekki kost á að sækja íslenskunámskeið, auk þess sem hægt er að koma til móts við getublandaða hópa á einstaklingsgrundvelli.

➤ Sótt var um kr. 2.155.000, en ekki var veittur styrkur í verkefnið.

**HEITI VERKEFNIS:****Skattar og fjármál - fræðsla fyrir innflytjendur****MARKMIÐ VERKEFNIS:**

- Að fræða innflytjendur um skattaumhverfi á Íslandi og fjármál. Námið miðast að því að þátttakendur séu færir um að gera eigin skattaskýrslu og skilji hugtök er varða skatta og gjöld s.s. skattar, yfirlit yfir skatta, skattaafslátt, skattkort, skattframtal og fleira sem viðkemur skattgreiðslum á Íslandi. Markmiðið er einnig að þátttakendur læri um fjármál m.a. fái almennar upplýsingar um bankþjónustu t.d. bankareikninga, vexti, lán, gjaldeyri, greiðslukort og fleira. Þátttakendur fá fræðslu um rétt sinn gagnvart fjárhagsaðstoð, bótarétti, styrkjum o.þ.h. og fá upplýsingar um möguleg áhrif fjárhagsaðstoðar á umsókn um dvalarleyfi, búsetuleyfi og ríkisborgararétt.

➤ Sótt var um kr. 477.000, en ekki var veittur styrkur í verkefnið.

Náms- og starfsráðgjöf

Á síðasta ári bættist annar náms- og starfsráðgjafi í starfsteymi Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi og eru þá tveir starfandi náms- og starfsráðgjafar, Guðrún Vala Elísdóttir og Helga Lind Hjartardóttir.

Náms- og starfsráðgjöf er góð leið til að ná til þeirra sem minnstu menntunina hafa, en margir hverjir þurfa mikla hvatningu og aðstoð til að fara í nám.

Starfssvæði náms- og starfsráðgjafa er allt Vesturland og er lögð áhersla á að veita viðtöl og ráðgjöf við fólk í þeirra heimabyggð. Náms- og starfsráðgjöfin er kynnt víða, m.a. á kynningarfundum, í námsvísi, á heimasíðu Símenntunar, á Facebook, á námskeiðum, á netinu, í ýmsum fyrirtækjum og stofnunum. Eftirspurn eftir ráðgjöf hefur aukist og þeir einstaklingar sem sækja sér ráðgjöf hafa ólíkan bakgrunn. Markhópurinn er eftir sem áður fólk sem ekki hefur aflað sér menntunar eða lokið formlegu námi og lögð áhersla á að ná til þeirra. Á árinu voru þátttakendur í Menntastöðum og Stóriðjuskólanum drjúgur hluti ráðþega. Allir þátttakendur á námsleiðum eru hvattir til þess að nýta sér náms- og starfsráðgjöf. Námsmönnum er boðið upp á viðtöl og jafnframt að halda áfram ráðgjöf á meðan námi stendur, en það getur haft mikið að segja upp á námsframvindu og námslok.

Ennfremur var leitast við að ná til innflytjenda í náms- og starfsráðgjöf þar sem markmiðið er að meta námsparfir, aðstoða við starfsleit, gerð ferilskráa og öflun starfsréttinda. Erlendir atvinnuleitendur hafa komið í einstaklingsráðgjöf til ráðgjafa Símenntunar, t.d. til að láta meta íslenskukunnáttu m.t.t. atvinnumöguleika, eða til að fá aðstoð við gerð atvinnuumsókna eða ferilskráa á íslensku. Slík ráðgjöf getur varpað ljósi á tækifæri og möguleika ásamt því að ýta undir nýtingu mannauðs.

Ráðgjafaviðtöl fara oftast fram í húsnæði Símenntunarmiðstöðvarinnar, menntastofnana á svæðinu og/eða í húsnæði stéttarfélaganna og í fyrirtækjum eftir því sem við á. Símenntunarmiðstöðin var í áframhaldandi góðu samstarfi við Vinnumálastofnun á Vesturlandi, Rauða kross deildirnar, stéttarfélagin, framhaldsskólana, sveitarfélögin og Virk – starfsendurhæfingarsjóð varðandi náms- og starfsráðgjöf.


Helstu viðfangsefni í náms- og starfsráðgjöf voru eins og áður m.a. fræðsla um nám, störf og starfsþróun, aðstoð við val á námi og störfum, gerð ferilskráa, aðstoð við námstækni, áhugasviðskannanir, lesblindugreiningar og persónuleg ráðgjöf. Áherslur í náms- og starfsráðgjöf eru ávallt einstaklingsmiðaðar.

Náms- og starfsráðgjöfin lýtur viðmiðum og kröfum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og haldnir eru, fjórum sinnum á ári, samstarfsfundir allra náms- og starfsráðgjafa sem starfa hjá fræðslumiðstöðvunum innan Kvasis. Á þessum fundum er farið yfir tölfraði í ráðgjöfinni, unnið að þróun og nýjungum o.fl.


Náms- og starfsráðgjöf – Tölfraði

Tölfraði um náms- og starfsráðgjöf hjá Símenntunarmiðstöðinni árið 2014:


Skipting viðtala eftir kyni		Fjöldi viðtala		
Karl		286	Háskólapróf	13
Kona		239	Iðn- eða starfsmenntun	72
Samtals		525	Stúdentspróf	38
			Óskilgreint	152
			Heildarfjöldi	525
Aldursbil		Fjöldi viðtala		
0 - 25 ára		113	Þjóðerni ráðþega	Fjöldi viðtala
26 - 40 ára		265	Ísland	440
41 - 55 ára		127	Póland	51
56 og eldri		20	Þýskaland	6
Heildarfjöldi		525	Ghana	2
			Guatemala	2
Staða á vinnumarkaði		Fjöldi viðtala	Írak	1
Annað		166	Ítalía	1
Atvinnuleitandi		72	Lettland	3
Hlutastarf og hlutabætur		20	Litháen	2
Í námi		9	Mongólía	2
Í starfi		232	Palestína	1
Starfsendurhæfing		2	Filipseyjar	2
VMST		23	Bahamas	2
Öryrki		1	Portúgal	2
Heildarfjöldi		525	Rúmenía	2
			Spánn	2
Skólastig		Fjöldi viðtala	Úkraína	2
Framhaldsskóli			Annað	2
(hóf nám en lauk ekki)		160	Heildarfjöldi	525
Grunnskóli		90		




Skipting viðtala eftir kyni




Fjöldi viðtala eftir stöðu á vinnumarkaði




Aldursskipting ráðþega eftir aldri árið 2014




Skólastig ráðþega í viðtölum 2014



Þjóðerni viðtalsþega 2014 - hlutfall



Þjóðerni -Aðrir





Menntun er skemmtun!



Náms- og starfsráðgjafar hjá símenntunarmiðstöðvunum um land allt komu í heimsókn til okkar og það var glatt á hjalla. Við brugðum okkur líka af bæ og kíktum á geiturnar á Háafelli í Hvítársíðu.

Samstarf Símenntunarmiðstöðvarinnar og Fjölmenntar

Símenntunarmiðstöðin er með samning við Fjölmennt – símenntunar- og þekkingarmiðstöð um námskeið ætluð fólki með fötlun 20 ára og eldra.

Í samningnum er m.a. kveðið á um að Símenntunarmiðstöðin eigi að bjóða upp á fjölbreytt námstækifæri fyrir fatlaða í landshlutanum. Á árinu 2014 var boðið upp á fjölbreytt tómsundanámskeið þ.á m. tónlist, leiklist, matreiðslu inni á heimilum, smíðjur, hreyfingu, söng og sund.

Námskeiðahald fyrir fólk með fötlun á Vesturlandi gekk vel á árinu, en það var heldur meiri þátttaka á vorönn en á haustönn.

Nokkur dæmi má nefna um að þátttaka á tómsundanámskeiði hefur orðið til þess að það vakni áhugi á frekara námi. Sem dæmi þá hafa tveir þátttakendur á tónlistarnámskeiði haldið áfram í frekara tónlistarnám og einn þátttakandi klárar diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun frá Háskóla Íslands vorið 2015.

Árið 2014 hafa verið dagsnámskeið á nokkrum stöðum á Vesturlandi og hefur aðsóknin verið góð. Með þessu fyrirkomulagi hafa tengsl þátttakenda á Vesturlandi eflst og almenn ánægja er á meðal þátttakenda með slíkt fyrirkomulag. Haldið verður áfram að hafa á boðstólum námskeið með þessu fyrirkomulagi og auka fjölbreytnina enn frekar.

Haustið 2014 var stofnaður hópur á Facebook- „Fræðslumál á Vesturlandi – spjall við Helgu“. Innan þessa hóps eru ræddar hugmyndir að námskeiðum og námskeið auglýst.

Það er ávallt reynt að bjóða upp á nýjungar fyrir markhópin og var m.a. bryddað upp á því að bjóða upp á matreiðslunámskeið inni á heimilum fólks. Slík námskeið eru kostnaðarsamari en líklegri til árangurs, þar sem þátttakendur hafa átt erfiðara með að yfirfæra kennslu inn á eigið heimili ef námskeiðið er kennt annars staðar. Einn þátttakandi í matreiðslu sagði frá því að nú væri hann tilbúinn til að elda sjálfur heima og ætlaði að vera duglegur við það í framtíðinni.

Á árinu 2014 hélt samstarf Símenntunarmiðstöðvarinnar og Fræðslunets Suðurlands áfram með listnámsbraut, sem er tveggja anna nám og er styrkt af Próunarsjóði framhaldsfræðslu. Vinnu við gerð námskrár brautarinnar lauk í lok árs 2014, en unnið er að að frekari fjármögnun brautarinnar til þess að hægt sé að kenna hana.

Stefnt er á að listnámsbraut verði á tveimur stöðum á Vesturlandi haustið 2015, á Snæfellsnesi og á Akranesi.

Samstarf hefur verið við „List án landamæra“ og á sumardaginn fyrsta var haldin sýning á verkum þátttakenda listnámskeiða hjá Símenntunarmiðstöðinni. Um 40 manns sóttu sýninguna en sýningin er orðin að árlegum viðburði.

Verkefnisstjórar símenntunarmiðstöðvanna á landsvísu hittust á sameiginlegum fundi á vorönn 2014. Þetta er góður vettvangur til að miðla á milli símenntunarmiðstöðva því sem vel hefur gengið og miðla af reynslunni.

Umsjón með námi fyrir fatlaða hefur Helga Björk Bjarnadóttir proskapjálfi, en hún starfar sem verkefnisstjóri hjá Símenntunarmiðstöðinni.

Á árinu 2014 voru haldin 15 námskeið um allt Vesturland með 95 þátttakendum. Kennslustundafjöldi var 223 og nemendastundir 1.505.

Kynjaskiptingin á námskeiðinu var þannig að karlar voru 67% þátttakenda en konur 33%, þ.e. 64 karlar og 31 kona.

Meðalaldur þátttakenda var 39 ár.

Árið 2014							
Staður	Námskeið	Fj. þáttt.	Fj. kest.	Fj. nem.st.	Fj. kvenna	Fj. karla	Meðalaldur
Akranes	Matreiðsla	1	6	6	0	1	50
Akranes	Leiklist - tilraunakennsla	4	6	24	2	2	41
Akranes	Matreiðsla	5	16	80	2	3	38
Akranes	Söng- og leiklist	11	12	132	2	9	34
Borgarnes	Myndlist	4	24	96	2	2	32
Borgarnes	Smiðjur með Ellý í einn dag	11	14	154	3	8	36
Borgarnes	Tónlist	3	8	24	3	0	39
Borgarnes	Verum með!	4	12	48	0	4	48
Dalir	Myndlist - framhald	8	36	288	5	3	61
Dalir	Myndlist - framhald	7	36	252	3	4	56
Snæfellsbær	Hreyfing og sköpun	7	24	168	1	6	27
Snæfellsbær	Ævintýradagur með Ásu Hlín	10	14	140	1	9	34
Snæfellsbær	Sundnámskeið	5	5	25	2	3	30
Stykkishólmur	Matreiðsla	4	6	24	1	3	31
Stykkishólmur	Starfsgleði	11	4	44	4	7	35
Samtals		95	223	1.505	31	64	39

Samstarfsverkefni

– innlend og erlend

Innlend verkefni

Vinnumálastofnun - atvinnuleitendur


Símenntunarmiðstöðin hefur verið í mjög góðu samstarfi við Vinnumálastofnun á Vesturlandi undanfarin ár eða allt frá efnahagshruni. Á árinu 2014 var minna atvinnuleysi á Vesturlandi en árið áður og að sama skapi voru haldin færri námskeið í samstarfi við Vinnumálastofnun.

Á árinu 2014 voru 119 þátttakendur á 12 námskeiðum á Vesturlandi. Alls voru kenndar 312 kennslustundir og nemendastundir voru 2.964. Konur voru 62 og karlar 57 talsins. Meðalaldur þátttakenda var 39 ár.

Árið 2014							
Staður	Námskeið	Fj. þáttt.	Fj. kest.	Fj. nem.st.	Fj. kvenna	Fj. karla	Meðalaldur
Akranes	Vmst - Excel fyrir byrjendur	14	27	378	3	11	28
Akranes	Vmst - Íslenska fyrir útlendinga	5	60	300	5	0	42
Akranes	Vmst - Íslenska fyrir útlendinga	9	60	540	5	4	48
Akranes	Vmst - Lífsgæði-sjálfstyrking-kviðastjórnun	11	12	132	10	1	46
Akranes	Vmst - Atvinnuviðtöl og ferilskrá	10	9	90	2	8	41
Akranes	Vmst - Tölvunámskeið - almennur grunnur	10	27	270	7	3	39
Akranes	Vmst - Markviss atvinnuleit	12	30	360	7	5	48
Akranes	Vmst - Markviss atvinnuleit	11	30	330	9	2	40
Akranes	Vmst - Skapandi tæknivitund	11	30	330	1	10	37
Borgarnes	Vmst - Atvinnuviðtöl og ferilskrá	10	9	90	5	5	34
Stykkishólmur	Vmst - Atvinnuviðtöl og ferilskrá	12	9	108	6	6	43
Snæfellsbær	Vmst - Atvinnuviðtöl og ferilskrá	4	9	36	2	2	29
Samtals		119	312	2.964	62	57	39
Heildarfjöldi námskeiða: 12							

Atvinnuleitendur í námi hjá SMV 2009-2014

Ár	Fj. námskeiða	Fjöldi þáttt.	Fj. kest.	Fj. nem.st.	Fj. kvenna	Fj. karla	Meðalaldur
2014	12	119	312	2.964	62	57	39
2013	18	168	984	9.113	92	76	42
2012	29	262	1.365	11.993	120	142	47
2011	36	359	2.610	27.497	161	198	42
2010	46	468	2.902	33.616	231	238	38
2009	9	90	296	3.169	47	40	40



Tilraunaverkefni um hækkað menntunarstig í Norðvesturkjördæmi

Þetta verkefni er liður í átaki til þess að hækka menntunarstig í íslensku atvinnulífi og eitt þeirra verkefna, sem sett voru af stað í framhaldi af kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins í maí 2011. Skipuð var verkefnisstjórn þar sem sátu fulltrúar atvinnulífs, stéttarfélaga, sveitarfélaga, skóla- og fræðslustofnana í kjördæminu og voru meginmarkmið verkefnisins m.a. að kanna þörf fyrir menntun á meðal einstaklinga og fyrirtækja í Norðvesturkjördæmi, stuðla að auknu samstarfi fræðsluaðila, kanna þörf fyrir námsstyrki og þróa aðferðir við mat á fyrra námi og reynslu inn í hið hefðbundna skólakerfi.

Sumarið 2013 voru tekin 800 viðtöl við stjórnendur og starfsfólk fyrirtækja og stofnana í kjördæminu, auk þess var gerð fyrirtækjakönnun og einnig úrtakskönnun úr þjóðskrá.

Í framhaldi af niðurstöðunum voru mótaðar tillögur um hvernig hægt væri að efla menntun í kjördæminu.

Í ársbyrjun 2014 gerði mennta- og menningarmálaráðuneytið þjónustusamning við Háskólann á Bifröst um að vinna að þessum tillögum og var skólanum falið að hafa umsjón með framkvæmdinni og umsýslu verkefnisins.

Í framhaldinu gerði Háskólinn á Bifröst þjónustusamning við allar þrjár símenntunarmiðstöðvarnar í kjördæminu. Fulltrúar frá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi og Háskólanum á Bifröst undirrituðu samstarfssamning þann 24. febrúar 2014, um að vinna að hækkun menntunarstigs í Norðvesturkjördæmi og var hann í gildi til 1. febrúar 2015. Í samningum voru sett upp 4 meginmarkmið:

- Efla ráðgjöf til fyrirtækja um nám á vinnustað í Norðvesturkjördæmi.
- Auka samstarf atvinnulífs og fræðsluaðila í kjördæminu um starfstengt nám.
- Fjölga einstaklingum sem ljúka iðnnámi.
- Efla íslenskukunnáttu innflytjenda í kjördæminu.

Árangursmælikvarðar samkvæmt samningi Háskólans á Bifröst og Símenntunarmiðstöðvarinnar voru eftirfarandi:

- Að fyrirtækjum sem bjóða upp á starfstengt nám fjölgi að jafnaði um 4 á mánuði, alls 48 námskeið á samningstímabilinu.
- Að 30 manns á Vesturlandi fari í raunfærnimat.
- Að 75% þeirra sem ljúka raunfærnimat fari í nám til að ljúka því sem á vantar.
- Að 25% þeirra sem taka þátt í íslenskunámi á vinnustað nái þeim árangri að geta haldið uppi samræðum á íslensku.

Í tengslum við samninginn við Háskólann á Bifröst, var ákveðið að ráða Helgu Björk Bjarnadóttur í heilt starfsgildi á gildistíma samningsins. Helga Björk tók áður þátt í verkefninu sem spyrill í könnun á menntaþörfum sumarið 2013.

Hörður Baldvinsson var ráðinn í verkefnið í hálfu starfsgildi á gildistíma samningsins, en hann starfar einnig sem deildarstjóri málmtæknigreina við Fjölbrautaskóla Vesturlands.

Auk Helgu Bjarkar og Harðar tók annað starfsfólk Símenntunarmiðstöðvarinnar virkan þátt í verkefninu en þau eru Guðrún Vala Elísdóttir náms- og starfsráðgjafi, Helga Lind Hjartardóttir náms- og starfsráðgjafi, Svava Björg Svavarsdóttir skrifstofustjóri, Hekla Gunnarsdóttir verkefnisstjóri og Inga Dóra Halldórsdóttir framkvæmdastjóri.

Kynning á verkefninu „Menntun núna!“

Starfsfólk Símenntunarmiðstöðvarinnar fór í fjölda fyrirtækja og stofnanir á Vesturlandi til að kynna verkefnið og einnig voru haldnar kynningar hjá félagasamtökum.

Símenntunarmiðstöðin fékk umfjöllun í staðarblaðinu Skessuhorni í upphafi verkefnisins, aftur í aprílmánuði þar sem sérstaklega var fjallað um verkmenntun og skort á iðnaðarmönnum á Vesturlandi, í skólablaði Skessuhorns í lok ágúst mánaðar, en þá var lögð áhersla á að kynna raunfærnimat og síðast var umfjöllun um verkefnið „Fræðslustjóri að láni“ í Loftorku.

Erindrekstur

Allt starfsfólk Símenntunarmiðstöðvarinnar tók beint eða óbeint þátt í erindrekstri í tengslum við verkefnið.


Mikið var lagt upp úr fyrirtækjaheimsóknum og viðtökur voru afar góðar. Það sýndi sig að það er mjög mikilvægt að nálgast markhópin með þessum hætti, bæði til að stytta boðleiðir og eins til að byggja upp traust og gott aðgengi að starfsfólki Símenntunarmiðstöðvarinnar. Ennfremur kom í ljós að gott var að styrkja tengslin á milli menntastofnana með sameiginlegum starfskrafti, en þannig varð upplýsingamiðlunin betri og skilvirkari og jók gagnkvæman skilning á starfsemi og starfsumhverfi stofnananna.

Svo virtist sem ákveðin vitunarvakning ætti sér stað á meðal atvinnurekenda um að bjóða starfsfólki upp á aukna vinnutengda fræðslu.

Raunfærnimat

Raunfærnimat í skipstjórn var kynnt á Vesturlandi, bæði formlega og óformlega. Starfsfólk Símenntunarmiðstöðvarinnar heimsótti fjölda útgerðafyrirtækja á Vesturlandi til að kynna raunfærnimat í skipstjórn og eins voru haldnir formlegir fundir í samstarfi við Visku – miðstöð símenntunar í Vestmannaeyjum. Þessir fundir voru auglýstir í staðarmiðlum um allt Vesturland og gat fólk sótt fundinn í gegnum fjarfundabúnað á Akranesi, Borgarnesi, Ólafsvík, Grundarfirði og Stykkishólmi.

Til að nýta fjármagnið hvað best fóru fimm einstaklingar af Vesturlandi í raunfærnimat í Vestmannaeyjum, en þar voru laus sæti sem hægt var að nýta.



Fulltrúi frá Símenntunarmiðstöðinni, Helga Lind Hjartardóttir náms- og starfsráðgjafi, tók sæti í stýrihópi um raunfærnimat í skipstjórn, en mikilvægt er að byggja upp þekkingu á raunfærnimati hjá símenntunarmiðstöðinni ef fleiri íbúar á Vesturlandi hafa hug á að fara í raunfærnimat í skipstjórn í framtíðinni.

Raunfærnimat í fiskvinnslu var ekki verið kynnt sérstaklega á Vesturlandi, líkt og á Vestfjörðum og á Norðurlandi vestra. Ástæðan var sú að búið var að fylla „kvótann“ sem áætlaður var í verkefnið í þessa tegund raunfærnimats.

Fulltrúi frá Símenntunarmiðstöðinni, Helga Lind Hjartardóttir, tók sæti í stýrihópi um raunfærnimat í fiskvinnslu. Símenntunarmiðstöðin sótti um fjármagn í raunfærnimat í fiskvinnslu, til Fræðslusjóðs fyrir 2015 en fékk ekki úthlutað.

Raunfærnimat í þjónustugreinum (leikskólaliði, félagsliði, stuðningsfulltrúi) er í boði í Norðvesturkjördæmi og er verkefnið ennþá í gangi. Fyrir hönd Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi sem ber ábyrgð á verkefninu, hefur Guðrún Vala Elísdóttir umsjón og stýrir stýrihópi sem samanstendur af fulltrúa sveitarfélaga, stéttarfélaga, símenntunarmiðstöðvanna þriggja í kjördæminu og fulltrúa Borgarholtsskóla. Einnig eru fulltrúar frá Starfsmennt og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ráðgefandi í ferlinu.

Talsverður áhugi er á þessarri tegund raunfærnimats, en áætlað er að amk. 45 manns fari í gegnum þetta raunfærnimat í tengslum við verkefnið.

Símenntunarmiðstöðin hélt utan um raunfærnimat í vélstjórn, en að auki hafa náms- og starfsráðgjafar séð um skimunarviðtöl og færniöppuggerð með einstaklingum af svæðinu sem fara í raunfærnimat hjá Fræðslusetrinu lðuni.

Annað raunfærnimat. Raunfærnimat er tiltölulega nýtt af nálinni og veigamikið þróunarstarf hefur verið unnið á því sviði á síðustu árum. Í þessu tilraunaverkefni hefur gefist tækifæri til að kynna raunfærnimat mun betur í landshlutanum en ella. Töluverð aukning er í fjölda fyrirspurna um raunfærnimat og óskir um viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa.

Mikilvægt er að samstarf þeirra aðila sem standa að raunfærnimati sé gott og einnig aðgengi að upplýsingum um hvaða raunfærnimat er í gangi hverju sinni. Þannig aukast möguleikarnir á að hægt sé að vísa einstaklingnum annað, ef ekkert raunfærnimat er í boði sem honum hentar á hans landssvæði.

Íslenska fyrir útlendinga

Í verkefninu var eyrnamerkt fjármagn fyrir tilraunakennslu í íslensku fyrir útlendinga. Vinnuveitendur eru í auknum mæli farnir að gera kröfur um að starfsfólk sé vel talandi á íslensku. Starfsaðstæður innan fyrirtækja eru mismunandi sem og svigrúm til að bjóða upp á kennslu á vinnutíma og því mikilvægt að leita allra leiða til að mæta þörfum og óskum vinnuveitandans í samráði við starfsfólkið. Í tengslum við þetta verkefni var Hulda Hrönn Sigurðardóttir sérkennari ráðin sem verktaki til að þróa íslenskukennslu í dreifnámi í samstarfi við G.Run í Grundarfirði.

Námskeiðið hófst formlega 20. október 2014, með fyrstu staðlotu af fimm. Kennsluvikur á námskeiðinu voru alls 10, en námskeiðinu lauk 24. janúar. Lang flestir nemendurnir voru frá Póllandi, en jafnframt frá Spáni og Þýskalandi.

Á milli staðlota fóru samskiptin við kennarann fram í gegnum ólíka miðla, s.s. tölvupóst, skype, námsvef (Moodle), facebook og síma. Einnig tók kennarinn upp námsefnið og setti á youtube, en með þeim hætti gafst nemendum tækifæri til að fara yfir námsefni sömu blaðsíðunnar oft en einu sinni, auk þess sem hver nemandi gat farið yfir námsefnið á eigin hraða.


Þetta var skemmtileg áskorun og leið til þess að skapa tækifæri til að þróa nýjar kennsluáðferðir í íslenskukennslu með markvissari árangur að leiðarljósi.

Fræðslustjóri að láni

Undanfarin ár hefur Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi boðið upp á aðferðafræði sem kallast Markviss, og er notuð við að greina fræðsluþörf innan fyrirtækja og stofnana. Þessi aðferðafræði hefur reynst vel og hefur starfsfólk Símenntunarmiðstöðvarinnar unnið að gerð fræðsluáætlaða fyrir almenna starfsmenn hjá þremur sveitarfélögum á Vesturlandi og Heilbrigðisstofnun Vesturlands.



Helga Björk Markviss-ráðgjafi ásamt starfsmönnum Loftorku sem skipuðu stýrihópinn.



Í júní 2014 var undirritaður samningur á milli Símenntunarmiðstöðvarinnar og Loftorku í Borgarnesi annars vegar og Landsmenntar hins vegar um gerð fræðsluáætlunar fyrir almenna starfsmenn í Loftorku. Helga Björk Bjarnadóttir hafði umsjón með verkefninu. Gerð þessa samnings má rekja beint til fyrirtækjaheimsóknar í tengslum við verkefnið „Menntun núna!“

Fleiri fyrirtæki og stofnanir hafa sýnt Markviss áhuga og er þetta ein leið til að ná til markhópsins, þ.e. þeirra sem hafa ekki lokið formlegu námi af neinu tagi.

Nánari upplýsingar um „Fræðslustjóra að láni“ má finna á eftirfarandi slóð:

<http://www.fraedslustjori.is/>

Námskeið sem starfsfólk hefur sótt
í tengslum við verkefnið

Námskeið um raunfærnimat

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins stjórð fyrir námskeiði um raunfærnimat dagana 15. og 16. apríl 2014. Á námskeiðið fóru Hörður Baldvinsson, Helga Björk Bjarnadóttir, Helga Lind Hjartardóttir og Guðrún Vala Elísdóttir.

Námskeið í Markviss-aðferðarfræðinni

Tveggja daga námskeið var haldið í Markviss aðferðafræðinni dagana 5. og 6. maí. Valgeir Magnússon og Hildur Betty Kristjánsdóttir Markvissráðgjafar frá Símei voru leiðbeinendur á námskeiðinu.

Á námskeiðið fóru Helga Lind Hjartardóttir, Helga Björk Bjarnadóttir, Hekla Gunnarsdóttir, Inga Dóra Halldórsdóttir.

Umsóknir í 30 milljóna króna pottinn

Í tengslum við Norðvesturkjördæmisverkefnið Menntun núna! voru 30 milljónir eyrnamerkar sérstaklega í þróunarverkefni í kjördæminu. Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi sóttu um styrk í fimm verkefni. Þrjár umsóknir voru samþykktar og tveimur umsóknum var hafnað.

Tæknistoðir

Tæknistoðir eru einkum ætlaðar þeim sem hafa reynslu úr atvinnulífinu, eru að minnsta kosti 23 ára, á vinnumarkaði og hafa hug á að ná sér í starfstengd réttindi í bygginga- eða málmtæknigreinum. Með því að bjóða upp á þetta nám er verið að koma til móts við þá sem vilja byrja tækninám í sinni heimabyggð til að þurfa ekki að fara um langan veg til að ná í grunnmenntun í viðkomandi iðngrein. Ætlunin er að námið verði kennt í dreifnámi. Stór hluti námsins fer fram í gegnum Internetið, auk þess eru haldnar staðlotur þar sem nemendur koma saman, hitta leiðbeinendur og samnemendur. Símenntunarmiðstöðin hefur kennt svokallaðar Menntastoðir með þessum hætti og hefur það reynst vel. Tæknistoðir verða í boði haustið 2015.

> **Umsóknin var samþykkt og veittar kr. 8.200.000 í verkefnið.**

Fjarnám í íslensku - fræðsla fyrir innflytjendur

Með íslenskukennslu í fjarnámi/dreifnámi gefst erlendu fólki, sem stundar vinnu hérlandis, kostur á að læra íslensku utan vinnutíma og þegar því hentar. Þar með getur skapast svigrúm og úrræði til þess að innflytjendur auki þekkingu sína og hæfni, en íslenskukunnátta er lögð til grundvallar í mörgum störfum. Með því að bjóða uppá fjarnám í íslensku er verið að koma til móts við erlenda íbúa sem vegna búsetu eða atvinnu eiga ekki kost á að sækja íslenskunámskeið, auk þess sem hægt verður að koma til móts við getublandaða hópa á einstaklingsgrundvelli.

Haldið verður áfram að þróa íslenskukennslu í fjarnámi/dreifnámi og er þetta tilraunanámskeið haldið í samstarfi við Eðalfisk.


> **Umsóknin var samþykkt og veittar kr. 1.028.560 í verkefnið.**

Öruggt atferli

Þetta er námskeið sem er ætlað almennum starfsmönnum innan iðnfyrirtækja þar sem tekin eru fyrir grundvallaratriði öryggismála og farið ítarlega yfir hvernig hægt er að draga verulega úr slyshættum með öruggu atferli. Kennslan fer fram „á gólfinu“ í fyrirtækinu, vinnuumhverfið er greint m.t.t. hættu og unnið er að öruggara atferli í raunaðstæðum.

Námskeiðið er unnið og þróað í samstarfi við Loftorku.

> **Umsóknin var samþykkt og veittar kr. 814.810 kr. í verkefnið.**



Undirbúningur fyrir bílpróf

Margir af þeim innflytjendum sem ekki hafa ökuréttindi frá heimalandi sínu (eða ekki gildandi ökuréttindi hérlandis) vilja gjarnan læra á bíl og taka bílpróf. Vegna tungumálaerfiðleika og stuttrar skólagöngu á íslensku auk jafnvel menningarlegra þátta getur það reynst þeim erfitt. Með því að bjóða upp á hnitmiðað og sértækt nám sem stuðlar að undirbúningi fyrir ökunám er innflytjendum gert kleift að auka tækifæri sín til virkrar þátttöku í samfélaginu, en bílprófið getur getur bæði aukið lífsgæði þeirra og sjálfstæði. Draga má þá ályktun að margir innflytjendur tali og skilji ekki íslensku nógu vel til að geta lært á bíl með hefðbundnum leiðum. Þess vegna er mikilvægt að koma til móts við þá á þennan hátt. Möguleikar þeirra til náms og atvinnuþátttöku eru vissulega skertir þegar þá skortir þann sértæka orðaforða sem þarf til að ljúka áföngum eins og ökunámi.

> **Umsókninni var hafnað.**

Skattar og fjármál - fræðsla fyrir innflytjendur

Með því að bjóða upp á námskeið um skatta og fjármál er verið að koma til móts við erlenda íbúa sem vegna tungumálaerfiðleika, mismunandi þekkingu, menningarmun, skorti á tengslaneti o.fl. eiga í erfiðleikum og eiga e.t.v. ekki kost á að fá aðstoð í þessum málaflokk, en markmiðið er að gera þá sjálfbjarga.

Óskir um fræðslu að þessu tagi koma frá innflytjendum sjálfum, sem ítrekað hafa látið í ljós vanmátt sinn í íslensku skatta – og fjármálaumhverfi.

> **Umsókninni var hafnað.**

Stóriðjuskólinn

Símenntunarmiðstöðin hefur starfrækt Stóriðjuskóla í Norðuráli frá því í byrjun árs 2012. Nú hafa 47 einstaklingar lokið grunnnámi og 18 lokið framhaldsnáminu.

Allt frá upphafi hafa Fjölbautaskóli Vesturlands og Símenntunarmiðstöðin verið í góðu samstarfi, en kennarar úr FVA hafa kennt í Stóriðjuskólanum. Þetta samstarf hefur gengið ljómandi vel, en á því tímabili sem Stóriðjuskólinn hefur verið starfræktur hjá Norðuráli á Grundartanga, þá hafa starfsmenn þaðan í síauknum mæli hafið nám með vinnu hjá Fjölbautaskóla Vesturlands á Akranesi. Þessari miklu aukningu í nám með vinnu má beinlínis þakka tilveru Stóriðjuskólans og sýnileika starfsmanna Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands og tengingu miðstöðvarinnar við Fjölbautaskólann og atvinnulíf á svæðinu.

Á haustönn 2014 voru skráðir nemendur í iðnnám með vinnu eftirfarandi:

- * 32 nemendur í kvöldskóla í vélvirkjun
- * 24 nemendur í húsasmíði
- * 4 nemendur í rafvirkjun

Af þessum 60 nemendum eru rétt um 35 einstaklingar sem vitað er um sem hafa annað hvort stundað nám í Stóriðjuskólanum, fengið hvatningu frá nemendum, samstarfsfólki og starfsfólki Stóriðjuskólans. Hér að ofan eru einungis tölur um fullorðna iðnnema sem vilja ná sér í löggild réttindi, en einnig má geta þess að fullorðnum nemendum fjölga einnig við bóknámsdeildir skólans.

Í þessu samhengi er jafnframt mikilvægt að nefna að nemendur Stóriðjuskólans hafa allir fengið viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa og sú þjónusta hefur einnig verið auglýst sérstaklega innan fyrirtækisins sem þó nokkrir aðrir starfsmenn hafa nýtt sér.

Myndir úr starfinu



Erlend verkefni

Símenntunarmiðstöðin fékk styrki í tvö Evrópuverkefni á árinu 2014 og lýkur þátttöku í einu verkefni á árinu 2015.

TELE-Teaching Entrepreneurship – Learning Entrepreneurship

TELE verkefnið er Erasmus + verkefni og er samstarfsverkefni 5 þjóða, sem eru Ísland, Þýskaland, Lettland, Spánn og Rúmenía.

TELE verkefnið byggir á aðferðafræði sem Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi hefur unnið með síðustu ár. Á árunum 2001-2004 tók atvinnuráðgjöf Vesturlands þátt í norðurslóða verkefni (NPP) sem bar heitið „Young Entrepreneursh Factory“. Verkefnið snérist um að styrkja unglinga á aldrinum 14-18 ára og leggja lóð á vogarskálarnar til að vinna gegn brottfalli úr framhaldsskólum. Það var svo árið 2009 sem Símenntunarmiðstöðin ákvað að kynna þá hugmynd fyrir Vinnumálastofnun á Vesturlandi að nota aðferðafræði frumkvöðlafræðslu til að vinna með atvinnuleitendum. Í ljós kom að aðferðin hentaði vel og var ánægja meðal þátttakenda. Haldnar voru u.þ.b. 15 frumkvöðlasmiðjur á Vesturlandi. Símenntunarmiðstöð Vesturlands tók í framhaldinu þátt í tveimur Evrópuverkefnum sem bæði byggja á áður nefndri aðferðafræði. Annars vegar verkefninu "Increase Motivation and improve employability" (MOEM) sem er nú lokið og þótti takast vel og hins vegar verkefninu „Young women orientation for labor intetration“ (YWOLY) sem lýkur árið 2015.

Það er því í senn rökrétt framhald og nauðsynlegt að taka þátt í verkefninu TELE og bindur Símenntunarmiðstöðin vonir við verkefnið.

Verkefnisstjórn hefur sett sér eftirfarandi markmið, en þau helstu eru:

- ◁ Að þróa kennslufni og aðferðir fyrir leiðbeinendur og kennara til að auðvelda þeim að vinna með TELE aðferðina með atvinnulausum einstaklingum.
- ◁ Að ná til og styrkja unga og lítt menntaða einstaklinga og unga atvinnulausa einstaklinga.
- ◁ Að þjálfar og styrkja leiðbeinendur í frumkvöðlafræðslu.
- ◁ Að virkja og hvetja ungt fólk til þátttöku í atvinnulífinu.
- ◁ Að þróa smiðju í frumkvöðlafræðslu sem einkum höfðar til kennara og þjálfara í þeirri grein.
- ◁ Að kynna niðurstöður verkefnisins sem víðast, jafnt innan lands sem utan.

> Upphæð styrks til Símenntunarmiðstöðvarinnar: 41.855 Evrur.

Svæðisgarðurinn á Snæfellsnesi

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi er í samvinnu við svæðisgarðinn á Snæfellsnesi, en styrkur fékkst árið 2014 í gegnum Erasmus+ til að fjármagna námsferð nokkurra aðila sem tengjast svæðisgarðinum til að kynna sér nýjungar og nýbreytni í fullorðinsfræðslu og samvinnu atvinnulífs, íbúa og þeirra aðila sem sinna fullorðinsfræðslu á svæðum sem vinna eftir hugmyndafræði Svæðisgarða (regional parks) í Bretlandi. Um er að ræða samstarfsnet þriggja öflugra stofnana sem sinna fullorðinsfræðslu á Íslandi, kraftmikils fyrirtækis með starfsemi bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi, samstarfshóps sveitarfélaganna fimm á Snæfellsnesi auk fulltrúa úr atvinnu- og menningarlífi og stéttarfélags. Allir þessir aðilar vilja læra af reynslu Breta í þessari námsferð, hvernig þeir hafa starfað í nokkrum vel völdum svæðisgörðum í Englandi. Íslendingarnir sem fara út fá þarna mjög gott tækifæri til að nestast upp af góðum hugmyndum sem munu nýtast þegar heim er komið. Eins munu þeir þjálfast í samstarfi við fólk frá öðru landi, í ensku og öðlast dýrmæta reynslu af ferðalaginu í heild. Unnið er með neti svæðisgarða í Bretlandi og Hadlow college sem er með samstarfssamning um nemenda- og kennaraskipti við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Starfsfólk Símenntunarmiðstöðvarinnar vinnur að þessu verkefni í samstarfi við framkvæmdastjóra Svæðisgarðsins á Snæfellsnesi.

Stefnt er að því að fara til Bretlands á haustmánuðum 2015.

➤ Upphæð styrks til Símenntunarmiðstöðvarinnar: 11.700 Evrur.

YOUNG WOMEN ORIENTATION FOR LABOR INTEGRATION

Í þessu verkefni taka níu lönd þátt, en þau eru: Rúmenía, Pólland, Bretland, Spánn, Belgía, Tékkland, Írland, Þýskaland og Ísland. Verkefnið hófst árið 2013 og lýkur 2015.



Meginmarkmiðið með verkefninu er að skiptast á reynslu og hugmyndum um hvernig megi styrkja og styðja við konur á aldrinum 20-30 ára sem hafa lokið eða eru við það að ljúka framhaldsskólanámi og eiga erfitt með að fóta sig á vinnumarkaði.

Aðstæður eru mjög ólíkar í þessum löndum hjá konum á á þessum aldri, en hlutverk Símenntunarmiðstöðvarinnar í þessu verkefni er m.a. að miðla af þeirri reynslu og þekkingu sem hefur skapast við að halda svokallaðar frumkvöðlasmiðjur fyrir atvinnuleitendur. Hópurinn kom til Íslands í júní 2014 og var haldin vinnusmiðja fyrir þátttakendur í verkefninu sem byggir á hugmyndafræði frumkvöðlasmiðja.

Upplýsingar um Evrópustyrki í fullorðinsfræðslu er að finna á vef Rannís;
www.rannis.is

Fjarnám

– þjónusta við fjarnema

Símenntunarmiðstöðin þjónustar fjarnema samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.


Framboð fjarnáms á háskólastigi eykst stöðugt og við flesta íslenska háskóla er boðið upp á fjarnám af einhverju tagi. Skólarnir ákvarða kennsluaðferðir hverju sinni en sífellt er að verða meira um að nemendur stundi námið að mestu í gegnum tölvubúnað, þó einstaka nám fari fram í gegnum myndfundabúnað. Á sumum námsbrautum eru einnig gerðar þær kröfur til nemenda að þeir mæti í námslotur.

Símenntunarmiðstöðin kynnir fjarnám á háskólastigi, veitir fjarnemum þjónustu í námsverum þar sem eru myndfundabúnaðir og tölvutengingar og hefur umsjón með próftöku. Jafnframt veitir Símenntunarmiðstöðin ráðgjöf og upplýsingar til verðandi fjarnema og nemenda í námi. Námsráðgjöf er einnig veitt hjá öllum háskólum og Símenntunarmiðstöðinni.

Íbúar á Vesturlandi, sem eru í fjarnámi við íslenska háskóla, gefst kostur á að taka prófin í heimabyggð á Vesturlandi. Próftaka fer að mestu fram á eftirtöldum stöðum:

- Húsnæði Símenntunar á Akranesi
- Húsnæði Símenntunar í Borgarnesi
- Áttthagastofu Snæfellsbæjar í Ólafsvík
- Fjölbautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði
- Grunnskólanum í Stykkishólmi
- Stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar

Þróun á fjölda fjarprófa á Vesturlandi síðastliðin sex ár.



Eins og sjá má af myndinni hér að ofan hefur orðið mikil aukning á fjarprófum hjá Símenntunarmiðstöðinni en fjöldinn hefur hátt í tvöfaldast frá árinu 2009.

Þegar skoðað er hvar nemendur eru að þreyta prófin má sjá að flestir eru á Akranesi. Skýringarnar á því liggja líkast til í því að þar eru flestir íbúar. Jafnvel þó að nemendur frá Háskóla Íslands megi í flestum tilfellum ekki þreyta próf á Akranesi vegna kílómetrareglu hjá skólanum sjálfum. Undantekningar hafa verið gerðar vegna veikinda og vegna ófærðar og veðurs í jólaprófum í desember 2014.


Yfirlit yfir fjölda próffyrirlagna á Vesturlandi á árunum 2009-2014

	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Akranes	108	183	225	247	255	393
Borgarnes	139	138	112	120	169	209
Búðardalur	8	18	6	8	26	13
Grundarfjörður	64	38	62	56	30	37
Snæfellsbær	36	67	74	100	63	53
Stykkishólmur	48	88	81	46	49	64
Samtals	403	532	560	577	592	769


Fjöldinn hefur aukist jafnt og þétt á stóru þéttbýlisstöðunum þó tölurnar sveiflist mun meira á minni stöðunum. Á heildina lítið hefur fjöldinn nánast tvöfaldast frá árinu 2009.

Þessar tölur sýna að sífellt fleiri nemendur sækja í fjarnám og geta þannig stundað háskólanám í heimabyggð, sem og að nemendur sækja í að fá að taka prófin sín í heimabyggð og sýnir þetta hversu mikilvægt er að Símenntunarmiðstöðin veiti þessa þjónustu.


Hlutfallsleg skipting próffyrirlagna eftir svæðum 2014



Próffyrirlagnir eftir svæðum 2011-2014



Það er áhugavert að skoða frá hvaða skólum er verið að taka próf. Á myndinni hér að neðan má sjá að flest prófin eru frá Háskólanum á Akureyri og Háskólanum á Bifröst, enda eru það skólar með lengstu og mestu reynsluna af fjarnámi. Fjöldaaukingin frá Bifröst skýrist að hluta til af Háskólagátt Bifrastar en margir nemendur hafa nýtt sér það námstækifæri. Aðrir skólar eru t.d. Keilir, Landbúnaðarháskóli Íslands, Háskólinn á Hólum, Fisktækniskóli Íslands og fleiri.



Úr ýmsum áttum

Starfsendurhæfing Vesturlands

Starfsendurhæfing Vesturlands var stofnuð formlega 11. desember 2014 og er sjálfseignarstofnun. Stofnaðilarnir eru sex, þ.e. Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Vinnumálastofnun á Vesturlandi, Stéttarfélag Vesturlands og Verkalýðsfélag Akraness.

Markmið Starfsendurhæfingar Vesturlands er m.a. að endurhæfa þátttakendur til atvinnuþátttöku eða til frekara náms, auka lífsgæði þeirra eftir atvikum og stuðla að því að þátttakendur fái þjónustu í heimabyggð ef þess er nokkur kostur. Boðið verður upp á einstaklingsbundna úrlausn á vanda hvers og eins þátttakenda eins og kostur er í samvinnu við aðrar stofnanir samfélagsins.

Starfsendurhæfing Vesturlands er með samstarfssamning við Virk um rekstrarframlag og vinnur náið með hagsmunaaðilum að því að sérsníða lausnir fyrir þá sem þurfa á þjónustunni að halda.



Fulltrúar stofnana undirrita skipulagsskrána.

Stjórn Starfsendurhæfingar Vesturlands er skipuð sex fulltrúum til tveggja ára í senn og sex til vara. SSV tilnefnir þrjá fulltrúa, Heilbrigðisstofnun Vesturlands einn fulltrúa, Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi einn fulltrúa og Vinnumálastofnun einn fulltrúa.

Í stjórn sitja eftirfarandi fulltrúar:

Helga Gunnarsdóttir (Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi),
Hafdís Bjarnadóttir (Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi),
Þorkell Cýrusson (Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi),
Inga Dóra Halldórsdóttir (Símenntunarmiðstöðin),
Guðrún Sigríður Gísladóttir (Vinnumálastofnun),
Sigríður K. Gísladóttir (Heilbrigðisstofnun Vesturlands)

Forstöðumaður Starfsendurhæfingar Vesturlands er Thelma Hrund Sigurbjörnsdóttir.

Fyrirmynd fullorðinna

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins veitir árlega einstaklingum viðurkenningu sem þykja góðar fyrirmyndir í námi fullorðinna, en þetta er viðurkenning sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur veitt frá árinu 2007.

Á ársfundi Fræðslumiðstöðvarinnar sem haldinn var 4. desember 2014 var m.a. Sigurði Oddssyni veitt viðurkenning. Hann hefur tekið þátt í vottuðum námsleiðum hjá Símenntunarmiðstöðinni og í kjölfarið breytt stöðu sinni á vinnumarkaði til hins betra.



Sigurður Oddsson, fulltrúi Símenntunarmiðstöðvarinnar, ásamt öðrum verðlaunahöfum og Ingibjörgu Elsu, framkvæmdastjóra Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (lengst til vinstri).

Sigurður átti erfitt uppdráttar í námi strax í grunnskóla. Eftir all mörg ár á vinnumarkaði fékk Sigurður loks greiningu á lestrarörðuleikum sínum, hann var með skrif- og lesblindu ásamt hljóðvillu. Eftir að hafa misst vinnu í byggingariðnaði eftir hrunið innritaði hann sig í námsleiðina „Skref til sjálfshjálpar“ þar sem hann lærði aðferðir til að takast á við lesblinduna. Sigurður fékk síðan vinnu hjá Norðuráli þar sem hann sótti „Nám í stóriðju“. Nú stundar hann helgarnám í vélvirkjun hjá Fjölbautaskóla Vesturlands samhliða vinnu í Norðuráli þar sem hann unir hag sínum vel.

Úttekt á framhaldsfræðslukerfinu 2009-2013

Árið 2013 fól mennta- og menningarmálaráðuneytið Capacent að gera heildstæða úttekt á framhaldsfræðslukerfinu 2009-2013 sem beinist að hlutverki og verkaskiptingu og samstarfi FA, Fræðslusjóðs, fræðsluaðila, annarra hagsmunaaðila og ráðuneytisins.

Meginmarkmið úttektarinnar var að¹:

- Leggja mat á þróun framhaldsfræðslukerfisins (FA, Fræðslusjóður, símenntunarmiðstöðvar), skilvirkni þess og nýtingu fjár.
- Skoða hvaða árangri það hefur skilað sl. fimm ár og hvernig samskiptum milli hagsmunaaðila og ákvarðanatöku er háttað.
- Sérstök áhersla var lögð á að leggja mat á áhrif og skilvirkni kerfisins.

¹ Capacent: Úttekt á framhaldsfræðslukerfinu 1.0-drög til umsagnar, dags. 24.03.2014

Tilgangur úttektarinnar var m.a. að svara því, gagnvart bæði hagsmunaaðilum og einstökum samningsaðilum, að hve miklu leyti þeim markmiðum sem að var stefnt hafi verið náð, hvort þau hafi verið raunhæf, bæði faglega og fjárhagslega. Lögð var áhersla á að opna markvisst samtal úttektaraðila við fulltrúa FA, Fræðslusjóðs, fræðsluaðila og annarra hagsmunaaðila þannig að unnið væri að því í sameiningu að svara þeim spurningum sem úttektin útheimti.

Úttektin byggði annars vegar á fyrirliggjandi gögnum eins og gildandi samningum, fjárhagslegum upplýsingum og fyrri úttektum og sjálfsmati. Þessi gögn voru nýtt til þess að undirbúa og útfæra þá gagnaöflun sem úttektin krafðist. Hins vegar byggði úttektin á þeim gögnum sem úttektaraðilar afla frá stofnunum/aðilum, samanburði og úrvinnslu á þeim gögnum.

Úttektinni lauk á árinu 2014 og voru niðurstöður kynntar í viðamikilli skýrslu sem má nálgast á eftirfarandi slóð: <http://www.frae.is/media/44806/utpektarskyrsla-2014.pdf>


Úttekt á íslenskukennslu fyrir útlendinga

Á haustmánuðum 2014 fól mennta- og menningarmálaráðuneytið Capacent ehf. að gera úttekt á íslenskukennslu fyrir útlendinga. Meginmarkmið úttektarinnar var tvíþætt, þ.e. að komast að raun um hvort²:

- stjórnsýsla verkefnisins, þ.e. heildarmarkmið stjórnvalda, úthlutunarreglur, umsóknar-eyðublöð og ut anumhald styrkveitinga, þ.m.t. eftirlit með framkvæmd íslenskukennslu, sé í samræmi við góða og vandaða stjórnsýsluhætti.
- framkvæmd verkefnisins hjá þeim sem veita þjónustuna beri tilætlaðan árangur.

Úttektin byggðist á fyrirliggjandi gögnum frá ráðuneyti um starfsemi viðurkenndra fræðsluaðila, viðtölum við starfsmenn ráðuneytis, stjórnendur, kennara og nemendur, vettvangsskoðun, greiningu og mati gagna og lýkur með ritun skýrslu. Það tímabil sem er til úttektar er þrjú ár, þ.e. 2012–2014. Niðurstöður úr úttektinni verða kynntar á árinu 2015.

² Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Erindi sent til forstöðumanns SMV 23.10.2014



Fullorðinsfræðsla á Íslandi

– hvar er hægt að nálgast fróðleiksmola?

Mennta- og menningarmálaráðuneytið:

www.menntamalaraduneyti.is

<http://www.menntamalaraduneyti.is/menntamal/fullordinsfraedsla/>

Lög um framhaldsfræðslu 27/2010:

<http://www.althingi.is/lagas/139a/2010027.html>

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins:

www.frae.is

Gátt – ársrit fræðslumiðstöðvarinnar 2013:

<http://frae.is/um-fa/gatt-arsrit/gatt-2013/>

**Næsta skref- upplýsingavefur um störf á íslenskum vinnumarkaði,
námsframboð þeim tengdum og raunfærnimatsleiðir:**

<http://naestaskref.is>

Fræðslustjóri að láni:

<http://fraedslustjori.is>

Menntun núna!

www.menntun-nuna.is

Leikn – samtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi:

www.leikn.is

Kvasir – samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva:

www.fraedslumidstodvar.is

ASÍ:

<http://www.asi.is/fraedsla/>

BSRB:

<http://bsrb.is/fraedsla/>

Fullorðinsfræðsla erlendis

– hvar er hægt að nálgast fróðleiksmola?

Norrænt tengslanet um fullorðinsfræðslu:

<http://www.nordvux.net/>

Fróðleikur um fullorðinsfræðslu innan Evrópusambandsins:

http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/index_en.php

Samtök fullorðinsfræðslu í Evrópu:

www.eaea.org

UNESCO-United Nations, Educational, Scientific and Cultural Organizations:

www.unesco.org

Niðurlag

Árið 2014 var skemmtilegt og fullt af áskorunum. Þar ber hæst að við tókum þátt í verkefninu Menntun núna! sem náði yfir allt Norðvesturkjördæmið. Í því verkefni voru sett fram metnaðarfull markmið og í því fólust áskoranir sem gaman var að takast á við. Í verkefninu fólst m.a. að ýta undir



aukna samvinnu menntastofnana í kjördæminu og það eitt og sér mun skila sér til lengri tíma lítið. Með aukinni þekkingarmiðlun á milli formlega og óformlega skólakerfisins skapast tækifæri til aukinnar samvinnu, þróunar á verkefnum og jafnvel betri nýtingu fjármagns.

Við getum unnið meira saman og eigum að gera það.

Menntastofnanir þurfa líka markvisst að vinna betur að því að tengjast atvinnulífinu. Við hjá Símenntunarmiðstöðinni fórum í fjölda fyrirtækjaheimsóknar á árinu 2014 og var alltaf ákaflega vel tekið. Atvinnurekendur vilja, alla jafna, styrkja tengslin við menntastofnanir og gefa starfsfólkinu tækifæri á að sækja sér þekkingu. Þess vegna er mikilvægt að sveigjanleikinn sé til staðar hjá stofnun eins og Símenntun. Það er hægt að bregðast hratt við og sérsníða námskeið að óskum viðskiptavinarins.

Það virðist sem það sé ákveðin vitundarvakning hjá atvinnurekendum, en þeir vilja í auknum mæli láta gera þarfagreiningar á meðal starfsmanna m.t.t. menntunar og setja upp fræðsluáætlun til lengri tíma. Þannig verður fræðsla starfsmanna markvissari. Eftir þessu kallar atvinnulífið – og okkar er að bregðast við.


Við hjá Símenntunarmiðstöðinni höldum áfram að sækja fram og veita góða þjónustu. Það munar um hvern starfskraft sem bætist í hópinn, en vegna verkefnisins Menntun núna! gátum við bætt við einu og hálfu starfsgildi. Það hefur gert okkur kleift að fara meira út í fyrirtæki og sinna þeim markaði betur. Við ætlum að halda áfram á þeirri braut.

Ég vil að lokum þakka Háskólanum á Bifröst fyrir skemmtilegt samstarf í verkefninu Menntun núna! sem og starfsfólkinu hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Farskólanum á Norðurlandi vestra og ekki hvað síst samstarfsfólkinu mínu á Símenntunarmiðstöðinni og verktökum fyrir frábært samstarf.

Menntun er skemmtun!

Inga Dóra Halldórsdóttir

Framkvæmdastjóri Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi



ársskýrsla **2014**

SÍMENNTUNARMÍÐSTÖÐIN
á Vesturlandi